

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

263. fundur

Föstudaginn 7. apríl 2017 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Gunnar Valur Gíslason og Sverrir Óskarsson.

Fjarverandi: Bryndís Haraldsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir

Fundinn sátu einnig Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarnesi, Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Þjónustukönnun í ferðþjónustu fatlaðs fólks
2. Vinnustaðagreining 2016
3. Fjárfesting 2017
4. Áhættumatsskýrsla
5. Þjónustustefna Strætó
6. Mælaborð yfir rekstur í janúar til mars 2017
7. Rekstrarúttekt, niðurstaða
8. Önnur mál
 - a. Erindi frá borgarráði Reykjavíkurborgar varðandi kvöld og næturakstur
 - b. Erindi frá borgarstjóranum í Reykjavík og Reykjavíkurráði ungmenna
 - c. Erindi frá Hafnarfirði varðandi leið 21

Tekið fyrir:

1. Þjónustukönnun í ferðþjónustu fatlaðs fólks

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs, kynnti niðurstöður úr þjónustukönnun sem gerð var meðal notenda ferðþjónustu fatlaðra.

Könnunin var send til um 600 notenda, þ.e. allra sem nýtt hafa þjónustuna síðastliðna 3 mánuði. Svar bárust frá um 200 notendum, sem er um 33% svarhlutfall.

Almennt eru notendur nokkuð sáttir við þjónustuna, sérstaklega er rétt að nefna ánægju með viðmót bílstjóra og gæði og öryggi bílanna. Engu að síður er ljóst er að hægt er að gera betur á mörgum sviðum, t.a.m. stundvísi og svörum í þjónustuveri.

Samþykkt að senda niðurstöður könnunarinnar til félagsmálanefnda þeirra sveitarfélaga sem standa að þjónustunni.

2. Vinnustaðagreining 2016

Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri Strætó, kynnti niðurstöður vinnustaðagreiningar sem framkvæmd var í febrúar 2017 á meðal allra starfsmanna Strætó. MMR, markaðs- og miðlunarfyrirtæki framkvæmdi greininguna. Alls tóku 168 starfsmenn þátt eða um 65%, sem er töluvert betri þátttaka en á sama tíma í fyrra þegar 54% starfsmanna tóku þátt.

Jákvæð þróun hefur átt sér stað frá árinu 2016 á öllum sviðum sem greiningin tekur til. Starfsánægja hefur aukist og vinnuálag og streita minnkað.

Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöður könnunarinnar.

3. Fjárfesting 2017

Fyrir fundinum lá endurmat sviðsstjóra fjármála og reksturs á fjárhagsáætlun 2017 miðað við færslu eftirstöðva áætlaðrar fjárfestingar í nýjum vögnum og rafrænum farþegatalningarbúnaði 2016 yfir á árið 2017 og með vísan

til þess að handbært fé í árslok 2016 samkvæmt ársreikningi 2016 var mun hærra en fjárhagsáætlun 2017 gerir ráð fyrir. Endurmatið hefur jákvæð áhrif á sjóðsstreymi 2017 en hvorki áhrif á áætlaða rekstrarafkomu né áætlað fjárframlag aðildarsveitarfélaga Strætó til byggðasamlagsins á árinu 2017.

Með vísan til fyrirliggjandi endurmats á fjárhagsáætlun 2017 m.t.t. stöðu handbærs fjár í árslok 2016 samþykkir stjórn heimild til framkvæmdastjóra til að fjárfesta í rafrænum farþegatalningarbúnaði upp á 16 mkr til viðbótar við samþykkt heimild í fjárhagsáætlun 2017.

Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni er falið, fyrir næsta fund stjórnar, að leita formlegs álits endurskoðunarnefndar og fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar varðandi heimildir stjórnar til frávika frá samþyktri fjárhagsáætlun, með vísan til 94. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. einnig 63. gr. sömu laga.

4. Áhættumatsskýrsla

Sviðsstjóri fjármála og reksturs fór yfir mat á helstu áhættuþáttum félagsins, sem skilgreindir eru í samþyktri áhættustefnu Strætó.

5. Þjónustustefna Strætó

Sigríður Harðardóttir mannauðsstjóri, fór yfir drög að þjónustustefnu Strætó.

Þjónustustefnan verður til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.

6. Mælaborð yfir rekstur í janúar - mars 2017

Lagt fram.

7. Rekstrarúttekt, niðurstaða

Á eigendafundi Strætó, sem haldinn 6. mars sl., fór eigendavettvangur og stjórn Strætó bs. sameiginlega yfir niðurstöður úrvinnslu stjórnarformanns og framkvæmdastjóra byggðasamlagsins á tillögum úr rekstrarúttekt Framsækni ehf., sbr. samþykkt eigendafundar frá 23. janúar sl.

Niðurstaða eigendafundarins þann 6. mars sl. er að með þeim árangri sem náðst hefur til hagræðingar og lækkunar á rekstrarkostnaði Strætó bs. með innleiðingu og framkvæmd tillagna Framsækni og þeim aðgerðum sem stjórn byggðasamlagsins hefur gripið til þeim til viðbótar svo og með því að stjórn og framkvæmdastjóri vinni áfram að innleiðingu möguleika sem enn eru til staðar til hagkvæmari reksturs byggðasamlagsins liggja fyrir skýr og árangursrík niðurstaða þeirrar vinnu við rekstrarúttekt og hagræðingu í rekstri Strætó bs. sem hófst í byrjun árs 2015.

8. Önnur mál

- a) Erindi frá borgarráði Reykjavíkurborgar varðandi kvöld- og næturakstur.

Framkvæmdastjóra var falið að afla frekari upplýsinga um málið áður en það verður tekið til afgreiðslu í stjórn Strætó.

- b) Erindi frá borgarstjóranum í Reykjavík og Reykjavíkurráði ungmenna, þar sem óskað er eftir reglulegum opnum fundum stjórnar Strætó með ungmennaráðum borgarinnar.

Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni er falið að skipuleggja fund ungmennaráða með stjórn Strætó þar sem öllum ungmennaráðum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er boðin þátttaka.

- c) Erindi frá Hafnarfjarðarbæ um leið 21, dags. 21.03.2017, þar sem farið er fram á að akstursleið 21 verði breytt og tíðni ferða á leiðinni verði aukin í korters tíðni á annatímum, einnig að leiðin keyri lengur á kvöldin og á sunnudögum. Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar óskar eftir því við Strætó að þær breytingar sem fram koma í erindinu verði teknar til skoðunar sem allra fyrst.

Framkvæmdastjóra er falið að svara erindinu.

- d) Farið var yfir helstu niðurstöður fundar stjórnarformanns og fulltrúa Kópavogs í stjórn Strætó með umhverfis- og auðlindaráðherra þann 22. mars 2017.
-

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:25

Fylgiskjöl:

- Erindi frá borgarráði Reykjavíkurborgar varðandi kvöld- og næturakstur.
- Erindi frá borgarstjóranum í Reykjavík og Reykjavíkurráði ungmenna.
- Erindi frá Hafnarfirði um leið 21, aukin tíðni og breytt akstursleið, dags 20. mars 2017
- Þjónustukönnun ferðaþjónustu fatlaðra, mars 2017
- Vinnustaðagreining, mars 2017
- Mælaborð Strætó, janúar- mars 2017.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Guðlaug Kristjánsdóttir

Sverrir Óskarsson